

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 54. lið:
54a. Tilskipun ráðsins 94/58/EB frá 22. nóvember 1994 um lágmarkspjálfun sjómanna.
2. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 55a. lið:
55b. Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda.
3. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 55b. lið:
55c. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 frá 21. nóvember 1994 um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) A.747 (18) um beitingu mælingareglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í olíuflutningaskipum.
4. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 59a. lið:
59b. Ályktun ráðsins nr. 94/C 379/05 frá 22. desember 1994 um öryggi á ekju-
farþegaferjum.

2. gr.

Ofantaldar ESB-gerðir sem vísað er til í 1. gr. eru birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, hefti 43/1995: 1. tölul. bls. 8 - 43, 2. tölul. bls. 45 - 52, 3. tölul. bls. 54 - 59 og 4. tölul. bls. 61 - 62.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum, lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, lögum um skipamælingar nr. 50/1970 með síðari breytingum og lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 6. febrúar 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:
Vatnsgjald kr. 865,20 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)		Heimæðargjald
400 - 2000 m ³	=	95.020,00 kr. f. 400 m ³ 73,00 kr/m ³ þar yfir
2000 - 6000 m ³	=	215.274,00 kr. f. 2000 m ³ 67,00 kr/m ³ þar yfir
6000 - 10000 m ³	=	477.788,00 kr. f. 6000 m ³ 64,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10000 m ³	=	719.361,00 kr. f. 10000 m ³ 46,00 kr/m ³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.
Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera kr. 39,40.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla ¾"	kr. 359,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1" - 2½"	kr. 805,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 1.635,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mínútulitra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. mars 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 15. mars 1993.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. febrúar 1996.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.

Nr. 122

15. febrúar 1996

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 181/1995.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónsustu sem og útgáfu skírteina sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Við viðauka 1, yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og þjónustu, ásamt gjaldeiningum hvers flokks, bætist:

Nr. 93 Útgáfa ADR-bráðabirgðavottorða2,4